

**44. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
24. ágúst 2016 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1608134 - Hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi liðveislu**

Heiðrún Janusardóttir, Svala Hreinsdóttir og Arnheiður Andréasdóttir mættu á fund ráðsins. Hugmyndir starfsmanna Þorpsins um breytingar á fyrirkomulagi félagslegrar liðveislu og aukna samþættingu við frístundastarf kynntar og ræddar.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykki að starfsmenn velferðar- og mannréttindasviðs og skóla- og frístundasviðs vinni í sameiningu áfram með hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi þjónstunnar.*

**2. 1601444 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2016**

Framhald umræðu um drög að frumvörpum um málefni fatlaðs fólks og um félagsþjónustu sveitarfélaga.

**3. 1607044 - Lög um almennar íbúðir - framkvæmd**

Lagt fram minnisblað um áhrif Sambands íslenskra sveitarfélaga nýrrar húsnæðislöggjafar á starfsemi sveitarfélaga á sviði húsnæðismála.

*Samþykkt að óska eftir kynningu fulltrúa Sambandsins á löggjöfinni miðvikudaginn 31.8.2016 kl. 17.*

**4. 1607041 - Brynja, hússjóður - stofnstyrkur**

Á fundi bæjarráðs þann 28. júlí var fjallað um umsókn Brynju hússjóðs um stofnstyrki skv. lögum nr. 56/2016 um almennar íbúðir til kaupa á 6 íbúðum fyrir öryrkja fram til ársins 2018. Umsóknin hljóðar upp á framlög að fjárhæð kr. 23,2 mkr. Þar af er sótt um 5,8 mkr. með vísan til heimilda um viðbótarframlag vegna skorts á leiguþúsnæði. Erindinu var vísað til Velferðar- og mannréttindaráðs til umfjöllunar.

*Velferðar- og mannréttindaráð fagnar áhuga Brynju hússjóðs á því að fjárfesta í húsnæði fyrir öryrkja og telur að þörf sé fyrir fjölgun leiguþúða fyrir þennan hóp á Akranesi.*

*Ráðið telur að setja þurfi reglur um málsmeyferð og auglýsa eftir umsóknum áður en umsóknir eru teknar til afgreiðslu til að tryggja jafnræði.*

*Ráðið leggur til að umsókn Brynju hússjóðs um 12% stofnstyrk og 4% viðbótarframlag vegna kaupa á einni íbúð árið 2016 verði samþykkt á grundvelli augljósrar þarfar, en afgreiðslu vegna kaupa á öðrum íbúðum verði frestað þar til reglur liggja fyrir. Áætluð útgjöld vegna framlaga sveitarfélagsins eru kr. 3.200.000. Ráðið bendir á að í fjárfestingaráætlun ársins 2016 er fjárheimild til*

*VG  
JF*

kaupa á íbúð sem nýta mætti í þessum tilgangi. Endanlegri afgreiðslu er vísað til bæjarráðs. Ganga þarf úr skugga um að Brynja hússjóður uppfylli skilyrði 10 gr. laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 áður en umsóknin er tekin til endanlegrar afgreiðslu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Vilborg P. Guðbjartsd.  
Guðrún Ólafsson  
Anna Þóra Þorgríðsdóttir  
Ema Þ. Þóðóra  
Jón H. Ólafsson